

Ed.

507. Frumvarp til laga

[183. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. marz.)

Samhljóða þskj. 348 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í banka-ráðinu.

24. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 34 frá 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands, nema VI. kafli laganna.